

Til bæjarstjórnar Akraness

Akranesi 14. október 2015

Skógræktarfélag Akraness þakkar fyrir fjárstuðning (250.000 krónur) sem við fengum fyrr í sumar.

Félagið sækir hér með um fjárvirk fyrir starfsárið 2016. Eins og áður eru mörg verkefni framundan bæði í Slögu og með þjóðvegi (við Einbúa). Það er mikilvægt að græða upp landið fyrir framtíðina og gera almenningi auðveldara að ganga og hjóla um svæðin.

Helstu verkefni við Einbúa (meðfram þjóðveginum til Akraness) eru:

- 1) Planta fleiri trjám
- 2) Grisja og hreinsa út ónýt tré
- 3) Slá stíga og grasflatir
- 4) Leggja meira af stígum

Verkefni í Slögu:

- 1) Planta fleiri trjám
- 2) Grisja neðan við brekku (greni of þétt) og hreinsa út ónýt tré (aðallega víði).
- 3) Laga og bæta stíga og bera ofan í þá.
- 4) Slá stíga og grasflatir

Önnur verkefni:

- 1) Kaupa áhöld sem eru nauðsynleg til gróðursetningar
- 2) Mála og snyrta húsnæði félagsins
- 3) Laga kerru og fleiri eignir félagsins

Í sumar hefur mest áhersla verið lögð á gróðursetningu og hafa rúmlega tíu þúsund tré verið sett niður meðfram þjóðveginum og í Slögu. Félagið byggir á sjálfbóðastarfi en þrátt fyrir það fylgir því ýmiss kostnaður.

Æskilegt væri að fá að lágmarki 500 þúsund á ári næstu ár.

Virðingarfullst,

Jens B. Baldursson
Jens B. Baldursson formaður Skógræktarfélags Akraness